

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

37. fundur –26. mars 2001

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 26. mars 2001, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra. Forföll boðuðu Jón Bjarni Þorsteinsson og Sigurlaug Sigurðardóttir

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 36. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt.

2. Fundargerð 29. starfsmannafundar frá 20. mars 2001.

2.1 Starfsleyfi

2.1.1 Akralind 9, Kópavogi - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Atla Ólafssonar f.h. Bílaverkstæðisins Stimpils kt: 590485-0719, dags. 15. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis að Akralind 9, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.2 Bæjarhraun 2, Hafnarfirði - líkamsræktarstöð.

Lögð fram umsókn Leiknis Ágústssonar f.h. Technosport ehf. kt: 680201-3230, dags. 1. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar með heitum potti að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfis til 4 ára.

2.1.3 Dalsmári 1, Kópavogi - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Valgerðar S. Jónsdóttur f.h. Smáraskóla kt: 480794-2739, dags. 6. febrúar 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með fullbúnu eldhúsi að Dalsmára 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi.

2.1.4 Dalsmári 21, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Önnu M. Hreinsdóttur f.h. Leikskólans Kjarrið kt: 210558-7999, dags. 3. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Dalsmára 21, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi að lokinni úttekt, með fyrirvara um innra eftirlit innan 3 mánaða.

2.1.5 Dalvegur 24, Kópavogi - plasteinangrun.

Lögð fram umsókn Hannesar Eyvindssonar, f.h. Tempra hf. kt: 600900-2180, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs plastverksmiðju á húseinangrun að Dalvegi 24, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.6 Eyrartröð 18, Hafnarfirði - saltfiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. Fiskverkunarinnar Bjargar ehf. kt: 580298-2579, dags. 14. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs saltfiskvinnslu að Eyrartröð 18, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.7 Garðatorg 7, Garðabæ - nuddstofa með jógakennslu.

Lögð fram umsókn Arnhildar S. Magnúsdóttur f.h. Demetra kt: 050153-4449, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu með jógakennslu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Breytingar á starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

2.1.8 Hlíðasmári 14, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Helgu Þórdísar Gunnarsdóttur f.h. Betra Bros ehf. kt: 460598-3899, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Ný starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.9 Hlíðasmári 14. Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Margrétar Hjaltadóttur f.h. Tannlæknastofu Margrétar Hjaltadóttur kt: 051267-5679, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Ný starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.10 Hlíðasmári 14, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Elfu Guðmundsdóttur f.h. Tannlæknastofunnar EG ehf. kt: 620399-2809, dags. 14. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Ný starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.11 Hólshraun 7, Hafnarfirði - verktakastarfsemi.

Lögð fram umsókn Ívars Adolffssonar f.h. Garðyrkjuþjónustunnar ehf. kt: 600389-1149, dags. 7. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs aðstöðu fyrir verktaka að Hólshrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.12 Hvaleyrarbraut 22, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Péturs I. Jakobssonar f.h. Steintaks ehf. kt: 610199-2759, dags. 10. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis að Hvaleyrarbraut 22, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Samþykkt starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.13 Kaplahrauni 2-4, Hafnarfirði - plastframleiðsla.

Lögð fram umsókn Sigvalda H. Péturssonar f.h. Tempura hf. kt: 600900-2180, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs plastverksmiðju að Kaplahrauni 2-4, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.14 Melabraut 18, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Gísla Friðjónssonar f.h. Hagvagna h.f. kt: 461291-1399, dags. 6. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis að Melabraut 18, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Frestað

2.1.15 Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði - Heitloftspurrkun á fiski.

Lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Gylfasonar f.h. Svalpúfu ehf. kt: 711095-2259, dags. 16. janúar 2001, þar sem sótt er um leyfi til heitloftspurrkunar á fiski að Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Þar sem ólykt hefur verið viðloðandi vandamál við fyrirtæki sem hafa starfrækt heitloftspurrkun óskaði heilbrigðisnefnd ítarlegri gagna á grundvelli 10. greinar reglu-gerðar nr. 785/1999 áður en afstaða yrði tekin til umsóknar fyrirtækisins Svalpúfu ehf. um leyfi til slíks rekstrar að Óseyrarbraut 11, í Hafnarfirði. Fyrirtækinu var veittur frestur til 15. mars til að afla nauðsynlegra gagna. Gögn sem bárust voru framsent bréf frá fyrirtækinu Héðni hf. dagsett 12.3.2001 og rekstrarhandbók (Operation and maintenance manuel) fyrir natriumhyperklóríð búnað sem er hafður við skólþdælustöð í Hafnarfirði.

Af bréfi starfsmanns Héðins hf. má ætla að val á búnaði sé byggt á þeirri von að sama orsök sé fyrir lykt frá skólþhreinsistöð og heitloftspurrkun. Það verður að teljast í hæsta máta vafasamt að hægt sé að fullyrða að lyktina megi að mestu rekja til myndunar á ammoníaki og hydrógensúlfíði. Heilbrigðisnefnd telur að hún hafi ástæður til að ætla að veruleg lykt geti stafað frá efnum sem klór virkar ekki á. Þannig gæti þurft eftir klórhreinsun að koma til frekari hreinsunar s.s. með kolafilter eða öðrum aðferðum. Umsókn þurfa því að fylgja útreikningar á dreifingu mengunar til frekari skýringar.

Það er mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn til að nefndin geti veitt umbeðið leyfi."

2.1.16 Skeiðarás 10, Garðabæ - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Guðmundar Hrafnkelssonar f.h. Gummco ehf. kt: 410299-2759, dags. 2. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstaða að Skeiðarási 10, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.17 Skeiðarás 12, Garðabæ - pökkun á sápuendum o.p.h.

Lögð fram umsókn Jóhanns Sigurðssonar f.h. Hreinkaupts kt: 180550-2249, dags. 14. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar á hreinsiefnum að Skeiðarási 12, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.18 Smáraflöt 3, Garðabæ - nuddstofa.

Lögð fram umsókn Sigrúnar M. Jóelsdóttur kt: 181251-4689, dags. 28. febrúar 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Smáraflöt 3, Garðabæ. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

2.1.19 Smiðjuvegur 34, Kópavogi - hjólbarðaverkstæði, bónstöð.

Lögð fram umsókn Guðna Gunnarssonar f.h. Bílkó s.f. kt: 110872-6079, dags. 16. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis og bónstöðvar að Smiðjuvegi 34, Kópavogi. Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.20 Suðurhraun 4, Garðabæ - vörugeymsla.

Lögð fram umsókn Friðriks Sigurðssonar f.h. Vörugeymslunnar ehf. kt: 590900-3030, dags. 13. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu að Suðurhrauni 4, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.21 Trönuhraun 1, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Margrétar Helgadóttur f.h. Tannlæknastofu Margrétar Helgadóttur kt: 190953-3789, dags. 1. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Trönuhrauni 1, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.22 Trönuhraun 2, Hafnarfirði - bílapvottur og bón.

Lögð fram umsókn Grétars Guðlaugssonar f.h. Nýju bónstöðvarinnar kt: 271072-3769, dags. 20. mars 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þvotta- og bónstöðvar að Trönuhrauni 2, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.1.23 Trönuhraun 2, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram að nýju umsókn Högna Gunnarssonar f.h. Bílaverkstæði Högna kt: 201158-2659, dags. 24. maí 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaverkstæðis að Trönuhrauni 2, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 3 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Hafnarfjarðarhöfn - Veitinga- og söguskipið Þór.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 14. mars 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Blöndal kt: 240448-2549, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitinga og söguskipið Þór kt: 450301-2050, við Hafnarfjarðarhöfn.

Samþykkt ákvæð umsögn.

2.2.2 Hafnarfjarðarhöfn - Veitinga- og söguskipið Þór.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 14. mars 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Blöndal kt: 240448-2549, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir veitinga- og söguskipið Þór kt: 450301-2050, við Hafnarfjarðarhöfn.

Samþykkt jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts.

2.2.3 Núpalind 3, Kópavogi - Papinos ehf.

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum í Kópavogi dags. 23. febrúar 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristins Jóns Gíslasonar kt: 130572-3089, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Papinos ehf. Núpalind 3, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn.

2.3 Stapahraun 2, Hafnarfirði - Hásól ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 28. febrúar 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórðar H. Ásgeirssonar f.h. Gistiheimilisins að Stapahrauni 2, Hafnarfirði (Hásól ehf.) kt: 460900-2710.

Frestað

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

"Með vísun til ákvæða 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum, leggur heilbrigðisnefnd fyrir forráðamann Hásólar ehf. að sækja nú þegar um starfsleyfi. Hafi umsókn um starfsleyfi ekki borist fyrir 20. apríl n. k. áskilur nefndin sér rétt til að ákveða dagsektir sbr. ákvæði 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum, þar til úr hefur verið bætt."

2.3.1 Urriðavatnsdalir, Garðabæ - Golfskáli Oddfellowa.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 12. mars 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristínar Gunnarsdóttur kt: 141169-4599, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Golfskála Oddfellowa í Urriðavatnsdölum.

Samþykkt jákvæð umsögn.

3. Uppbygging og framkvæmd eftirlitsáætlana.

Formaður greindi frá störfum starfshóps sem falið var á fundi þann 22. janúar s.l. að fara yfir uppbyggingu og framkvæmd eftirlitsáætlunar og tilfallandi eftirlit. Niðurstaða starfshópsins var sú að fara ekki í breytingar á uppbyggingu eftirlitsáætlunar heldur ætti markvisst að nýta heimild til að innheimta sérstaklega fyrir eftirlit þar sem tíðni þess yrði umfram áætlað eftirlit. Heilbrigðisnefnd fellst á sjónarmið starfshópsins.

4. Leiga á herbergjum til íbúðar að Strandgötu 32, Hafnarfirði..

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá 13. mars s. l. til húseiganda og afrit af eftirlitskýrslu frá 14. mars 2001, vegna búsetu fólks að Strandgötu 32, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

"Með vísun til ákvæða VII kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum, staðfestir heilbrigðisnefnd bann við því að húsnæði að Strandgötu 32, annarri og þriðju hæð verði leigt út til íbúðar að óbreyttu fyrirkomulagi og án samþykktar yfirvalda með vísun í heilbrigðisreglugerð og byggingareglugerð. Frá 14. mars s. l. tekur bannið til þess að nýir íbúar flytji þar ekki inn þegar núverandi íbúar flytja á brott. Jafnframt krefst nefndin þess að fá fyrir 26. apríl 2001 tímasetta áætlun um brottflutning annarra íbúa. Verði ofangreindum fyrirætlunum ekki sinnt áskilur nefndin sér rétt til að ákveða dagsektir sbr. ákvæði 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum"

5. Fráveitumál.

Umræða var um framkvæmd reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Ákveðið að nefndin tæki stöðu mála til skoðunar á næsta fundi..

6. Timburhaugur á landi í Kapelluhrauni.

Rætt um timburúrgang á lóð í Kapelluhrauni. Lóðin er þinglýst eign Landsbanka Íslands en talin eign Geymslusvæðisins hf. Með bréfi dags. 14. ágúst 2000 tilkynnir Landsbanki Íslands hf að Geymslusvæðið ehf., kt. 450791 1219 hafi keypt lóðina og tekið að sér skyldur eiganda þ.m.t. að fjarlægja timburúrgang á lóðinni. Þann 18. ágúst 2000 fóru framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisfulltrúi í eftirlitsferð um svæðið og ræddu þá við forsvarsmann Geymslusvæðisins um ofngreint málefni. Kvaðst hann þá nýbúin að taka við lóðinni að nýju og væri að vinna að því að láta flytja timburúrganginn á brott. Við eftirlit þann 15. mars 2001 kom í ljós að timburúrgangurinn var ennþá á lóðinni.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

"Með vísun til ákvæða 27.2. gr. reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit, nr. 786/1999, með síðari breytingum, krefst heilbrigðisnefnd að fá fyrir 26. apríl 2001 tímasetta áætlun um brottflutning timburúrgangsins af svæðinu. Verði ofangreindum fyrirætlunum ekki sinnt áskilur nefndin sér rétt til að ákveða dagsektir sbr. ákvæði 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum"

7. Fundargerðir.

7.1 Fundargerð 16. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 25. janúar s. l.

Lögð fram

7.2 Fundargerð félagsfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 20. mars s. l.

Lögð fram.

8. Mótun fjölskyldustefnu fyrir Garðabæ.

Lagt fram að nýju bréf bæjarstjóra Garðabæjar frá 26. janúar 2001 varðandi undirbúning að mótun fjölskyldustefnu fyrir Garðabæ.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

9. Loftmælistöðin á Hvaleyrarholti.

Lagðir fram minnispunktar frá Hollustuvernd ríkisins um loftmælistöðina og rekstur hennar. Frekari umræðu vísað til viðræðufundar með yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins sbr. lið 10 í fundargerðinni.

10. Hollustuvernd ríkisins

Forstjóri Hollustuverndar ríkisins hefur óskað eftir því að stjórnendur stofnunarinnar komi á fund nefndarinnar. Áformað er að yfirstjórn (forstjóri og forstöðumenn) heimsæki heilbrigðisnefndir til að kynna starfi þeirra og skiptast á skoðunum. Heilbrigðisnefnd leggur til að slíkur fundur verði 28. maí n. k.

11. Önnur mál.

11.1 *Ráðning starfsfólks í sumarstörf.*

Framkvæmdastjóra falið að ráða fólk til sumarstarfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurveig Sæmundsdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson